

## Endurrit fundargerðar mennta- og menningarmálanefndar 5. maí 2005

Ár 2005 þann 5. maí kom mennta- og menningarmálanefnd saman til fundar á Reykhólum og hófst fundurinn kl. 10:30

Mættir allir aðalmenn auk Áslaugar Guttormsdóttur skólastjóra, Rebekku Eiríksdóttur fulltrúa kennara og Sveins Ragnarssonar fulltrúa foreldraráðs. Sveitarstjóri sat einnig fundinn og reit fundargerð.

1) Kennararáðningar skólaárið 2005-2006. Skólastjóri kynnti umsókn Andra Þórs Lefever f. 1980. Nefndin fagnar umsókninni og væntanlega skýrist á næstu dögum hvort Andri Þór stendur við umsóknina.

Skólastjóri kynnti einnig umsókn Rebekku Eiríksdóttur og vék hún af fundi á meðan. Einnig kynnt umsókn Fjólu B. Benediksdóttur. Rebekka sækist eftir að kenna smíði, myndmennt og líffræði frá áramótum þegar fæðingarorlofi lýkur. Fjóla sækist eftir að kenna handmennt og myndmennt.

Einnig var rætt um forföll kennara sem hafa verið umtalsverð í vetur.

Samþykkt að ráða Rebekku í þær stöður sem hún sækir um frá áramótum. Fjólu verði boðin kennsla í handmennt næsta vetur og myndmennt fram að áramótum og möguleika á annarri kennslu sem samsvari þeim tímafjölda sem hún sækir um.

2) Ósk um lengingu á grunnskólavist fyrir einn nemanda í Reykhólaskóla, erindi frá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Vestfjörðum. Svæðisskrifstofan kemur á framfæri ósk foreldra eins nemanda í 10. bekk Reykhólaskóla. Ósk foreldranna gengur út á það að fá lengingu á grunnskólavistinni þar sem nemandinn hafi misst svo mikið úr námi vegna veikinda.

Sveitarstjóri lagði fram álit lögfræðings Sambands íslenskra sveitarfélaga sem hann hafði óskað eftir. Óskað hafði verið eftir upplýsingum um skyldur sveitarfélagsins í þessum efnum; hvort ríkissjóður tæki þátt í kostnaðinum o.s.frv.

Samkvæmt álit lögfræðings sambandsins og álit menntamálaráðuneytis lýkur grunnskólagöngu við 16 ára aldur þótt nemandi hafi misst úr námi vegna veikinda. Sveitarfélagi er ekki skylt að bera kostnað af námi nemanda fram yfir þann tíma. Sveitarfélagi er hins vegar heimilt að veita nemandanum lengri skólavist á sinn kostnað, ef það svo kys. Hvort það sé eðlilegt í ljósi þeirrar verkaskiptingar milli grunnskólans og framhaldsskólans sem lög gera ráð fyrir – sé svo annað mál.

Samkvæmt grunnskólalögum nr. 66/1995 telst grunnskólavist nemandans lokið í vor. Menntaskólinn á Ísafirði er þegar búinn að auglýsa eftir starfsmanni til að annast kennslu fyrir nemandann á framhaldsskólastigi næsta vetur. Eðlilegt er að þjónusta við fatlaða sé aldursmiðuð og að nemandinn nýti sér þau úrræði sem í boði eru frá Menntaskólanum á Ísafirði. Sveitarfélagið getur lagt til aðstöðu fyrir framhaldsskólanámið í Reykhólaskóla, auk þess sem í boði er liðveisla fyrir nemandann.

Á þessum forsendum leggur nefndin til að erindinu verði hafnað.

3) Viðhald húsnæðis Reykhólaskóla. Skólastjóri ræddi um endurnýjun gólfefnis á handmenntastofu og víðar; endurnýjun þakdúks á tengibyggingu og einnig vantar nýjar loftplötur í tengibyggingu og matsal.

Skólastjóri ræddi enn fremur um brunavarnir, en fyrsta áfanga þeirra er lokið. Einnig vantar nýja ljósritunarvél.

Skólastjóri gerði nettengingu skólans enn fremur að umtalsefni en sú þjónusta er keypt frá Snerpu og hefur verið óstöðug. Mælt er með svokölluðu FS-neti og er þörf á að athuga þann kost vel.

Varðandi tölvumál þyrfti að fjölga þeim úr 8 í 12 og stækka tölvurýmið.

Skólasel verður líklega lagt af næsta vetur.

Að lokum flutti skólastjóri tillögu um að bókasafninu yrði breytt í héraðs- og skólabókasafn og að skipuð verði nefnd í málið með nýja aðstöðu fyrir safnið í huga innan skólans.

Tillagan samþykkt. Ásdís Sigurdórsdóttir, Ingvar Samúelsson og Áslaug Guttormsdóttir kosin í nefndina.

Áslaug, Rebekka og Sveinn viku nú af fundi.

*Rebekka Eiríksdóttir (sign)*

*Áslaug B. Guttormsdóttir (sign)*

*Sveinn Ragnarsson (sign)*

Nú voru tekin fyrir málefni Hólabæjar, en búið er að auglýsa eftir leikskólakennara. Tvær umsóknir hafa borist; önnur frá Catherine Mercy frá Frakklandi og hin frá Erlu Thomsen. Umsókn Erlu er þó háð því að eiginmaður hennar verði ráðinn prestur í Reykhólaprestakalli en það embætti losnar í sumar.

Málinu frestað. Sveitarstjóra falið að afla frekari upplýsinga.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:30

*Karl Kristjánsson (sign)*

*Guðrún S Samúelsdóttir (sign)*

*Ingvar Samúelsson (sign)*

*Einar Örn Thorlacius (sign)*